

# Áform GFF fyrir árið 2017 er tengjast Hafnarfirði.

---

## Vorverk á Vistvangi; Hafnafirsk skólaæska græðir upp örfoka land

### *Nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði taka til hendinni í apríl*

- Þegar eru komin á Vistvang rúmlega 800 tonn af hrossataði úr Hafnarfirði. Þetta magn bíður vélar- og handafls til að gagnast við uppgræðslu á árinu 2017.
- Allt að 400 tonn munu að líkindum bætast við á yfirstandandi losunartímabili.
- Á tímabilinu 18. -28.apríl verður farið með heilan árgang úr Flensborg, líklega um 140 nemendur, í leiðangra á Vistvang til að planta trjám og koma til gróðri á örfoka landi. Nemendur nota hrossataðið sem uppgræðslumeðal ásamt 800 - 900 trjáplöntum, birki, víði og reyni.

### *Grunnskólar úr Hafnarfirði taka þátt í verkefninu LAND-NÁM á Vistvangi*

- Vistvangur er m.a. hugsaður sem vettvangur uppgræðslu og útiskóla, ekki síst samþættingu þessara tveggja fyrirbæra. Þetta er hugsað fyrir mismunandi skólastig og eru vinnubrögð stillt þannig að henti hverju skólastigi.
- Tveir grunnskólar úr Hafnarfirði eru í viðræðum við GFF um þátttöku í verkefninu LAND-NÁM. Það snýst um trjáplöntun, vöktun nemenda á árangri hennar og úrvinnslu í skólastofunni á gögnum er nemendur sjálfir hafa aflað í leiðongrum sínum. Þátttöku skólanna verður fundinn staður á Vistvangi og trjáplöntun fer fram í maí / byrjun júní og vöktun á sér stað að hausti.
- Þeir skólar sem rætt er við um þátttöku eru Setbergsskóli og Víðistaðaskóli. Stefnt er á að innan fárra ára muni allir grunnskólarnir í Hafnarfirði taka þátt í verkefninu og eiga sér reiti á Vistvangi.

## Sumarstörf á Vistvangi

- Nemendum er ekki ætlað að dreifa úr öllu því taði sem komið er á staðinn. Þeir hafa hins vegar aðgang að nægjanlegu magni og nota efnið við trjárækt til að búa til hagstæðar aðstæður fyrir vöxt og viðgang trjágróðurs.
- Meginmagn þess taðs sem komið er og komið verður á Vistvang verður dreift af mannskap, erlendum sjálfbóðaliðum, sem GFF mun koma með á svæðið en þó einna helst af vélarafli sem GFF mun einnig kveðja til. Þessi störf verða unnin að vori (vélarafli) og að sumri (mannskapur).
- Þegar vélarafli hefur komið efninu út á grundir mun reynast tiltölulega létt verk að dreifa því með handafl.
- Til að gera störf sjálfbóðaliðanna sæmilega fjölbreytt um sumarið er ráðgert að hreinsa og hirða upp girðingu sem þarna liggur engum til gagns nú orðið. Á þessum tímamarki er ekki vitað hversu löng þessi girðing er.
- Nú þegar hefur GFF tekið talsvert upp af enn eldri girðingu sem legið hefur þarna á svæðinu síðan á síðustu öld. Enn er eitthvað eftir af henni í átt til norðurs frá núverandi losunarstað.

- GFF hyggst haga störfum í sumar með svipuðum hætti og undanfarin sumur. Sjálfbóðaliðar verða til húsa í Flensborgarskólanum, alls 3 hópar, hver í tvær vikur, alls sex vikur. Tímabilið nær frá 9.júní til 21.júlí.
- GFF hefur skyldum að gegna við sjálfbóðaliðana þannig að þeir eiga rétt á 4 dögum þegar þeir þurfa ekki að vinna. GFF hyggst halda þeim til vinnu um allar helgar en taka frídagana um miðja viku.
- GFF hefur talað við yfirmenn í Áhaldahúsi Hafnarfjarðar um að fá lánaða kerru sem samtökin munu nota um helgar. Tekinn verður farmur af garðaúrgangi úr Hafnarfirði laugardag og sunnudag og farið á Vistvang og efnið notað þar til uppgræðslu. Ferðin heim verður notuð til að taka hina uppteknu girðingu og flytja hana til förgunar eða annarra nota. Um kerrulán frá Áhaldahúsi eru nokkur fordæmi frá sumrinu 2016.

## **Haustverk á Vistvangi**

- Undanfarin ár hefur GFF farið með nemendur Starfsbrautar Flensborgarskólans í leiðangra suður til Krýsuvíkur. Framvegis verður farið með þann hóp á Vistvang. Framundan eru breytingar á skipulagi námskeiða í Flensborgarskólanum og mun að líkindum framvegis verða farið með almenna nemendur til plöntunar bæði vor og haust.
- Eftirfylgni og vöktun af hálfu nemenda grunnskóla í Hafnarfirði verður sömuleiðis framkvæmd að hausti, sept og lok ágúst. Stefnt er að úrvinnslu gagnanna í skólastofu með nemendum seinna um haustið.

## **Vistvangur merktur, vegfarendum til upplýsingar**

- Ástæða er til að gera vegfarendum, innlendum sem erlendum, grein fyrir þeirri starfsemi sem þarna fer fram. Nú þegar má iðulega sjá ferðamenn, um miðjan vetur, stoppa á planinu þar sem taðið er losað og fara í göngur eða þ.u.l. Upplýsingaskilti, snoturlega hannað, sem fengi að standa þar gæfi upplifun fyrir þá vegfarendur er þarna fara um. Í þokkabót myndi slík upplýsingagjöf gefa aðstandendum Vistvangs góða ímynd.
- Lagt er til að GFF og Hafnarfjörður vinni saman að hönnun og uppsetningu á slíku upplýsingaskilti með það að markmiði að það verði sett upp á árinu 2018.

## **Stuðningur Hafnarfjarðar við GFF**

- GFF leyfir sér að óska eftir framlagi frá Hafnarfirði upp á kr. 2.500.000 á árinu 2017. Þetta er gert með tilvísun til þeirra verka sem lýst er hér að ofan. Síðustu 4 árin hefur árlegt framlag verið sem hér segir:
  - 2016: 1.340.000 kr
  - 2015: 1.830.000 kr
  - 2014: 1.000.000 kr
  - 2013: 1.710.000 kr
- Ofangreind framlög hafa verið í samræmi við það magn af taði sem GFF hefur tekið við og unnið með.
- GFF á 20 ára afmæli á árinu 2017, samtökin voru stofnuð 8.apríl 1997.